



Íslendingar aldrei eytt meiru erlendis

Kortavelta innlendra greiðslukorta jókst alls um 16,5% á milli ára í maí, að raunvirði. Kortavelta Íslendinga erlendis jókst um 120% milli ára miðað við fast gengi. Þetta sýnir okkur að eftirspurn er mikil í hagkerfinu og það sér í lagi eftir ferðalögum. Vöxtur einkaneyslu mun að öllum líkindum vera innfluttur í formi aukinna ferðalaga næstu misserin.


Met mánuður í verslun í útlöndum

Seðlabanki Íslands birti nýverið gögn um veltu innlendra greiðslukorta í maí. Þar kom fram að heildarvelta innlendra greiðslukorta nam 111,7¹ mö.kr. í maí 2022. Velta innlendra greiðslukorta í verslunum innanlands nam 88,8 mö.kr. sem er 3,3 ma.kr. hækkun milli ára, núvirt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis, sem gerir um 4% hækkun á milli ára. Að sama skapi nam velta greiðslukorta erlendis um 22,9 mö.kr. og hækkaði veltan, núvirt með gengisvísitölu,² um 12,5 mö.kr. - nærri 120% hækkun frá maí í fyrra. Þetta er mesta neysla Íslendinga erlendis frá upphafi gagnasöfnunar,³ raunvirt með gengisvísitölu, en um er að ræða tvo metmánuði í röð þar sem sl. aprílmánuður sló einnig met.

Einkaneysla á mikilli ferð


Miðað við kortaveltutölur Seðlabankans sést að eftirspurn í hagkerfinu er veruleg. Þetta sýnir okkur einnig að ferðaparsti landsmanna er mikill og mun vöxtur einkaneyslu að öllum líkindum vera innfluttur í formi aukinna ferðalaga næstu misserin. Velta innlendra greiðslukorta er sú skammtímaþróun sem mest er horft á til þess að fylgjast með þróun einkaneyslu milli þess sem Hagstofan birtir tölur um landsframleiðslu. Einkaneysla er um helmingur af landsframleiðslunni, þannig að þróun kortaveltu segir mikið til um hversu mikil spenna eða slaki er í hagkerfinu. Tölur maímánaðar benda sterklega til

Núvirt heildarvelta greiðslukorta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með vísitölu neysluverðs (VNV) án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með gengisvísitölu (GVT).
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með GVT.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.

² Gengisvísitala er vegið faldmeðaltal af gengi helstu gjaldmiðla gagnvart krónu, þ.e.a.s. gengi erlendu gjaldmiðlanna er vegið saman eftir samsetningu utanríkisviðskipta þjóðarinnar.

³ Hófst árið 1997.




Þess að mikill gangur sé í hagkerfinu. Það eykur líkur á því að Seðlabankinn þurfi að halda áfram að taka stór skref í stýrivaxtaákvörðunum sínum til þess að kæla þá miklu eftirspurn sem nú ríkir með tilheyrandi þrýstingi á verðlag. Við spáum því að stýrivextir verði [hækkaðir um 0,75 prósentustig](#) á morgun.

Greinilegur ferðaþorsti Íslendinga

Brottfarir Íslendinga um Keflavíkurflugvöll slógu met í maí, samanborið við aðra maímánuði. Alls töldu brottfarir Íslendinga um 65 þúsund en fyrir það hafði maímánuðurinn 2018 verið sá umsvifamesti, þegar 63 þúsund Íslendingar flugu frá Keflavíkurflugvelli. Íslendingar eyða meiru erlendis nú en fyrir faraldur, bæði vegna þess að netverslun hefur færst í aukana en einnig vegna þess að fólk virðist gera betur við sig en áður.

Íslendingar eru ekki þeir einu sem þyrstir í ferðalög. Kortavelta erlendra ferðamanna er að ná svipuðu horfi og fyrir faraldurinn þó enn muni nokkru miðað við fast verðlag, samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar. Sem dæmi var kortavelta erlendra ferðamanna sl. maímánuð u.þ.b. 11,6% lægri⁴ en í maí 2018 þegar greiðslukortavelta erlendra ferðamanna náði hámarki miðað við árstíma.

Brottfarir og kortavelta



Fjöldi brottfara frá Keflavíkurflugvelli og vísitala kortaveltu erlendis (janúar 2016=100) miðað við fast gengi.
Heimild: Ferðamálastofa, Isavia og Seðlabanki Íslands.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

⁴ Gögn Rannsóknaseturs verslunarinnar innihalda ekki kortaveltu frá innlendum flugrekstri, velta erlendra ferðamanna er svo raunvirt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis.